

Hvernig er hægt að ganga í Íslendingafélagið

í Horsens ?



Hægt er að skrá sig í Íslendingafélagið í Horsens með því að fara inn á heimasíðu félagsins www.ifhorsens.dk. Þar er linkur sem heitir *skráning í félagið*.

Árgjaldið í félagið er 100 kr. á manninn, frítt fyrir börn yngri en 18 ára.

Ávinningur þess að vera meðlimur í Íslendingafélaginu í Horsens:

- *Frír aðgangur að böllum félagsins - allir velkomnir á nýbúaball félagsins.
- *Ókeypis á jólaatburði félagsins (föndur/smákökubakstur)
- *Ókeypis Sveinki í heimsókn til lítilla barna á aðfangadag (foreldrar sjá sjálfir um að koma þakka til Sveinka í tíma)
- *Ókeypis á jólaball sem og nammipoki fyrir börnin
- *Ódýrari á þorralótið (100 kr)
- *Ókeypis á Festilavnhátíð félagsins, börnin fá nammipoka
- *Afsláttur á íslenskum páskaeggjum
- *Fríar veitingar á páskabingó
- *Ódýrari í skötuveislu
- *Frí skemmtun og veitingar á 17.júní hátíð félagsins.
- *Fríar veitingar á ratleik félagsins.
- *Fríar veitingar í skógarferð félagsins.

Hægt er að skrá sig á póstlista hjá Íslendingafélaginu í Horsens með því að skrá sig á heimasíðu félagsins www.ifhorsens.dk. Þeir sem eru á póstlistanum fá sendar

Stjórn Íslendingafélagsins í Horsens starfsárið 2007-2008

Inga Lóa Steinarsdóttir formaður, sími: 2965-6234

Daníel Adam Sigmundsson gjaldkeri

Kolbrún Jónsdóttir ritari

Inga Ósk Ólafsdóttir formaður skemmtinefndar

Rúnar Berg Eðvarðsson formaður íþróttanefndar

Kristín Alma Sigmarsdóttir meðstjórnandi

Hlynur Már Hreinsson meðstjórnandi

Friðrik Árnason umsjónarmaður heimasíðu



Ágæti Íslendingur í Horsens.

Síðasta starfsár Íslendingafélagsins í Horsens hefur sennilega verið eitt af því blómlegasta frá upphafi. Má því þakka fráfaramandi stjórn og öllum íslendingum sem hafa tekið þátt í félagstarfinu. Hægt er að telja endalaust upp atburði s.l. árs en þeir helstu voru þemaball með 80' s ívafi, jólastund og piparkökugærð með krílunum okkar og margt fleira sem fellur undir jólaundirbúninginn. Eftir áramótin var haldið hið árlega þorralót, sem heppnaðist mjög vel í alla staði. Þegar leið á vorið var haldið vorkfagnaður við skólubar Vitus Bering skóla og um kvöldið var haldið ball. Í júní hlupu konur í kvennhlaupinu og 17 júní var haldinn hátíðlegur að venju nema hátíðarhöldunum var frestað um tvo daga vegna veðurs. Fótboltamótið Klakinn var haldið í Horsens að þessu sinni. Enduðu leikar þannig að lið Árósar urðu klakameistarar, Horsens A lið í öðrusæti og lið Óðinsvé í því þriðja. Hljómsveitin Bermúda kom frá Íslandi og spilaði á laugardagskvöldinu. Það er ekki annað en hægt að segja að mótið væri vel heppnað og fóru allir sáttir heim á leið. Klakamótið verður haldið í Árósum að ári liðnu. Eins og ráð gera fyrir var loka atburður ársins aðalfundur, þar sem árið er gert upp og kosið í nýjar stjórnir. Seinna um kvöldið var haldið nýbúaball í boði Íslendingafélagsins.

Dagskráin starfsársins 2007-2008 verður á svipuðum nótum og s.l. ár en auðvitað með nokkrum nýjungum. (sjáð dagskrá félagsins á bls 3 í ritinu)

Vert er að minnast á að innan Íslendingafélagsins eru reknir nokkrir klúbbar svo sem kvennaklúbbar og unglingsklúbbar. Einnig er rekinn golfklúbbar en hann er sjálfstætt starfandi.

Eins og flest okkar vitum, þá er erfitt að slíta upp rótunum og flytja til annars lands. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinganna að standa saman og hjálpa hvert öðru. Öll þurfum við vini og fjölskyldu til að styðja á og þess vegna er það kostur að vera partur af Íslendingafélaginu. Við erum ein stór fjölskylda.

Við í stjórninni hlökkum til nýs starfsárs og vonum að sem flestir taki þátt í starfinu, með okkur. Við getum ekki gert þetta án ykkar.

Inga Lóa Steinarsdóttir

Formaður Íslendingafélagsins í Horsens




Fjölskylduskemmtun fyrir Íslendinga í Horsens og nágrenni

Sunnudaginn 25. nóvember kl 11 bjóðum við öllum Íslendingum í Horsens og nágrenni á fjölskyldudag.

Fjölskyldudagurinn verður haldinn í Egebjergshallen í Egebjergskolen.



Boðið verður upp á skemmtilega dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Fyrir yngstu börnin verður boðið upp á dagskrá í anda Latabæjar. Fyrir þau sem eru aðeins eldri verður boðið upp á Boot Camp.



Allri fjölskyldunni verður svo boðið í ekta sunnudags vöfflukaffi.



Við hvetjum alla til að koma saman þennan dag. Nýjir félagsmenn eru sérstaklega hvattir til að koma.

Stjórnin

Dagskrá starfsársins 2007- 2008

Nóvember

3. nóv Diskókeila fyrir unglina og foreldra
17. nóv Tónleikar með Bubba í Flensburg
21. nóv Landsleikur í fótbolta Danmörk-Ísland í Parken



Desember

1. des Þemaball á skól barnum
9. des Jólalund og piparkökudagskrá
16. des Jólamesa og kaffi á eftir
23. des Skötuveisla (staðsetning auglýst síðar)
24. des Jólaveinar í þakkaleiðangri um allan bæ
26. des Jólalund
31. des Áramótabrenna - brennusvæðið í Mosanum



Febrúar

3. feb Festelavn
16. feb Þorrablót haldið í Vesthallen í Horsens

Mars

22. mars Páskabingó



Apríl

26. apríl Vorfagnaður og Ball

Maí

17. maí Ratleikur



Júní

14. júní Kvinnahlaup
17 júní. 17 júní Þjóðhátíðardagur Íslendinga



Júlí

Sumarfrí



Ágúst

Sumarfrí



September

6. sept Skógarferð í Bygholm Park
13. sept Aðalfundur og Nýbúaball